

Reykjavík 3. desember 2020

nefnasvid@alhtingi.is

Umsögn frá ferðaþjónustufyrirtækinu Allrahanda GL ehf við frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um viðspyrnustyrki.

Þingskjal 390 — 334. mál.

Fyrir liggur að ferðaþjónustunni er ætlað að vera í aðalhlutverki til að auka hagvöxt, afla gjaldeyris-tekna og skapa störf um allt land þegar heimsfaraldrinum léttir.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir skapar þó takmarkaðan grundvöll til nauðsynlegrar viðspyrnu nema fyrir allra minnstu fyrirtækin í ferðaþjónustunni. Stærri fyrirtækin, sem mörg hver voru með margra milljarða króna veltu og hundruð starfsmanna fyrir heimsfaraldurinn, en hafa nú verið nánast tekjulaus í 9 mánuði, geta litla viðspyrnu veitt með þeim 2,5 milljón króna hámarks styrk á mánuði sem boðaður er með frumvarpinu. Réttara er að kalla það rekstrarstyrki sem boðaðir eru með frumvarpinu.

#### **Viðspyrnustyrk þarf til viðbótar við rekstrarstyrk**

Stærri fyrirtækin í ferðaþjónustunni munu geta dregið vagninn hvað hraðast af stað þegar aftur opnast fyrir ferðalög milli landa. Þetta eru fyrirtækin sem hafa mestu erlendu viðskiptasamböndin og bestu aðstöðuna, húsnæðið, tækjabúnaðinn, starfsfólkið, þekkinguna og reynsluna til að ná til hundruð þúsunda ferðamanna.

Fáar atvinnugreinar hafa orðið fyrir jafn miklu tekjufalli og ferðaþjónustan undanfarna mánuði. Eðli málsins samkvæmt eru flest fyrirtækin illa stödd fjárhagslega. Ef ekki væri fyrir þá framsýni ríkisvaldsins að hjálpa þeim og öðrum í svipaðri stöðu til að þrauka af faraldurinn væru þau flest orðin gjaldþrota. Auk þess hefur lífi verið haldið í fyrirtækjunum með framlögum eigenda, frystingu lána, eftirgjöf skulda, greiðsluskjóli og þar fram eftir götunum. Enda hafa flestir áttað sig á mikilvægi þessara fyrirtækja til að reisa þjóðarbúið hratt við þegar þar að kemur.

Þessi félög eru ekki í aðstöðu til að taka ný lán til að spyrna frá botninum, enda uppfylla þau ekki lánareglur fjármálastofnana vegna tekjuleysis og neikvæðrar rekstrarafkomu ársins auk þess en veltufé í rekstri er uppuríð.

Í undirbúningi að komu ferðamanna á næstu mánuðum þurfa innviðir og fjárfestingargeta ferðaþjónustunnar til markaðssetningar að vera til staðar. Til þess þurfa fyrirtækin raunverulegan viðspyrnustyrk sem kæmi til viðbótar við þann [rekstrar]styrk sem lýst er í því frumvarpi sem hér er til umræðu. Ef svo verður ekki, munu fyrirtækin halda aftur af sér og sumarið 2021 kemur með færri ferðamönnum og þar með minni tekjum fyrir ríkissjóð.

Til þess að áætlun hins opinbera um að styðja fyrirtæki í ferðaþjónustunni til viðspyrnu þurfa slíkir styrkir að skipta einhverju máli. Hér er því lagt til að í frumvarpi þessu verði kveðið á um tvenns konar styrki, rekstrarstyrk (sem kallaður er viðspyrnustyrkur í frumvarpinu) og raunverulegan viðspyrnustyrk.



## Tillaga um fyrirkomulag viðspyrnustyrkja

Fyrirtæki geti sótt um mánaðarlegan viðspyrnustyrk frá nóvember og fram í maí á næsta ári. Viðmið styrkveitingar verði tryggingagjald sem fyrirtæki greiddu af launum starfsmanna í sömu mánuðum árið 2019. Fyrirtæki sem hafa orðið fyrir yfir 90% tekjufalli fái sömu upphæð og nam tryggingagjaldinu, fyrirtæki með 80-90% tekjufall fái 90% af tryggingagjaldinu og svo koll af kolli að 60% tekjufalli.

Með þessu fyrirkomulagi yrði viðspyrnustyrkurinn í samræmi við stærð og tekjufall fyrirtækisins. Styrkurinn myndi skipta mestu máli fyrir stærstu fyrirtækin í ferðaþjónustunni sem alla jafna hafa orðið fyrir mesta tekjufallinu, en hafa þrátt fyrir það mestu burðina í atvinnugreininni vegna þess að þeim hefur verið haldið á lífi. Hámarksupphæð styrkja tengdra aðila færi þó ekki yfir 120 mkr sbr. 10 gr. frumvarpsins.

Þrjú dæmi um mögulegar styrkupp hæðir miðað við þessa tillögu:

1. Fyrirtæki var með 100 starfsmenn í desember 2019, greiddi 7,5 mkr. í tryggingagjald og tekjufallið í desember 2020 er 75%.  
Viðspyrnustyrkur yrði 80% af upphæðinni eða 6,0 milljónir króna.
2. Fyrirtæki var með 50 starfsmenn í desember 2019, greiddi 3,750 mkr. í tryggingagjald og tekjufallið í desember 2020 er 93%.  
Viðspyrnustyrkur yrði 100% af upphæðinni eða 3,750 mkr.
3. Fyrirtæki var með 5 starfsmenn í desember 2019, greiddi 375 þúsund krónur í tryggingagjald og tekjufallið í desember 2020 er 65%.  
Viðspyrnustyrkur yrði 70% af upphæðinni eða 262.500 kr.

Þetta fyrirkomulag hefur þann kost hvað styrkveitinguna sjálfa varðar að allar tölur liggja nú þegar fyrir. Skatturinn hefur upplýsingar um greitt tryggingagjald og tekjusamanburð milli ára. Umsóknar- og afgreiðsluferli getur því verið með einföldu móti.

## Það verður hörð samkeppni um ferðamenn

Ríkið ákvað við upphaf COVID-19 faraldursins að að verja 1,5 milljörðum króna til að kynna Íslandi sem áfangastað erlendra ferðamanna þegar faraldurinn væri yfirstaðinn en menn gerðu sér vonir um að það yrði hægt að bjarga sumrinu 2020. Verkefnið fékk nafnið „Saman í sókn“ þar sem til viðbótar var gert ráð fyrir að fyrirtæki í ferðaþjónustu kæmu myndarlega að verkefninu með sértækar kynningar eins og gert var með góðum árangri í verkefnunum Inspired by Iceland og Ísland allt árið.

Slíkt samstarf opinberra markaðssetningar og markaðssetningu einkafyrirtækja þar sem persónur og andlit eru sett á átakið margfalda árangurinn og hámarka þar með fjárfestingu ríkisins. Um 70% af þeirri upphæð sem ríki ákvað í verkefnið Saman í sókn á þessu ári er enn til staðar. Fyrirhugað er að fara í stórt markaðsátak með þá fjármuni vegum Íslandsstofu á fyrstu mánuðum ársins 2021.

Flestir gera ráð fyrir að heimsfaraldrinum létti með vorinu. Samkeppnin um ferðamenn er þegar byrjuð og strax eftir áramótin verður hún komin á fullan skrið um allan heim. Ekki nægir að íslenska ríkið og Íslandsstofa komi myndarlega að því að kveikja áhuga á landinu. Ferðamenn þurfa að komast til landsins, fara á milli staða, gista, borða, sjá, upplifa og njóta. Ferðaþjónustufyrirtækin þurfa að hafa bolmagn til að gera vörur sínar sýnilegar gagnvart þeim sem hafa áhuga á Íslandi, um leið og þau setja framleiðslutækin aftur af stað. Annars er ríkið að auglýsa eitthvað sem ekki er hægt að kaupa.

## Staða fyrirtækja í ferðaþjónustu

Staðan er einfaldlega sú að hjá stórum hluta fyrirtækja í ferðaþjónustu eru engir peningar til fyrir viðspyrnuna. Fjármunir, jafnt styrkir sem og eigin framlög hluthafa, hafa farið til að greiða laun, halda húsnæði í horfinu, þjónustu veitustofnana og sveitarfélaga, leyfisgjöld, upplýsingatækniþjónustu, bókhald, viðhalda tækjum og búnaði og þar fram eftir götunum. Til þess að komast af stað þarf fjármuni (veltufé) sem fyrirtækin hafa ekki í dag en án veltufjár þá komast fyrirtækin ekki fetið.

Mestu uppsagnirnar í ferðaþjónustunni hafa orðið hjá stóru fyrirtækjunum í atvinnugreininni. Í sumum tilfellum hafa þau sagt upp allt að 95% starfsmanna. Það gefur því auga leið að flestar mannaáráðningarnar munu eiga sér stað hjá þessum fyrirtækjum þegar ferðamenn fara að streyma aftur til landsins. Engin önnur atvinnugrein mun verða fljótari að fækka fólki á atvinnuleysissskrá. Ávinningur hins opinbera af hröðum vexti verður þess meiri sem fyrirtækin verða betur í stakk búin til að hafa kröftuga viðspyrnu.

Eftir því sem fyrirtæki í ferðaþjónustu eru stærri, þess meira leggja þau af mörkum til almennrar landkynningar. Þetta má meðal annars sjá af meiri þátttöku slíkra fyrirtækja í ferðakaupstefnum, viðskipasendinefndum og ráðstefnum undir forystu Íslandsstofu. Almennar landkynningar-auglýsingar hins opinbera kveikja áhugann á áfangastaðnum, en markaðs- og sölustarf fyrirtækjanna landar viðskiptunum. Þannig fæst besta samnýting fjármunanna. Þetta er lykilatrið en þó Ísland sé komið á kortið þá koma ferðamenn ekki til landsins af sjálfu sér, áfangastaðurinn Ísland mun áfram eiga í harðri samkeppni við önnur lönd.

Stærri fyrirtæki í ferðaþjónustu eru mikilvæg fyrir mörg þau minni, vegna þess að töluverðum hluta af framleiðslunni er útvistað til minni fyrirtækjanna.

Ekki er ástæða til að ætla að kostnaður ríkissjóðs af veitingu viðspyrnustyrkja verði mikill, síst af öllu í samanburði við ávinninginn af að koma ferðaþjónustunni hressilega af stað. Stór fyrirtæki í ferðaþjónustu eru ekki mörg og tillaga um styrkveitingu byggist á launagreiðslum þeirra en ekki veltu. Til greina kæmi að viðspyrnustyrkir yrðu aðeins ætlaðir fyrirtækjum sem starfa í einkennandi greinum ferðaþjónustu þar er mesta þörfin og tækifærin til kröftugar viðspyrnu tekjuaukningar fyrir ríkissjóð.

Ekki er hætt á því að með þessum styrkjum verði ferðaþjónustan ríkisrekin atvinnugrein til frambúðar. Um er að ræða einsskiptis aðgerð vegna átaksverkefna sem kæmu til framkvæmda á næstu mánuðum en bundnar eru vonir við að bólusetning verði vel komin á veg á sama tímabili.

Undirritaður óskar eftir að eiga fund með efnahags- og viðskiptanefnd til að fara betur yfir málið, sér í lagi að ræða markaðssetningu á Íslandi sem áhugaverðan áfangastað fyrir erlenda ferðamenn sem undirritaður hefur haft að aðalstarfi í yfir 20 ár.

Virðingarfyllt,  
Fh. Allrahanda GL ehf. leyfishafa Gray Line á Íslandi

Þórir Garðarsson  
Formaður stjórnar

